


# Legspeglun í staðdeyfingu



Legspeglun er rannsókn til að skoða inn í legið. Hún er framkvæmd í staðdeyfingu og á svipaðan hátt og kvenskoðun. Með legspeglun er hægt að greina orsakir vissra vandamála. Helstu ástæður fyrir legspeglun eru:

- Blæðingatruflanir
- Slímhúðarsepar í legi
- Vöðvahnútar
- Ófrjósemi

## Undirbúningur fyrir aðgerð

Best er að gera legspeglun á 6.-10. degi tíðahringsins ef kona er á frjósemisaldri því þá er legslímhúðin þynnst. Ef búist er við að blæðingar standi yfir þegar að aðgerð kemur er ráðlagt að hafa samband við kvenlækningadeild til að fá nýjan tíma.

### Símaviðtal

Starfsmaður kvenlækningadeildar hringir til að bóka tíma fyrir aðgerðina og veita tækifæri til spurninga.

### Blóðþynningarlyf

Láta þarf vita ef tekin eru blóðþynnandi lyf þegar bókaður er tími í legspeglun. Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynnandi meðferð er það gert í samráði við skurðlækni.

### Pungunarpróf

Konum á frjósemisaldri er ráðlagt að taka þungunarpróf heima daginn fyrir komu.

## Kvöldið fyrir aðgerð

Þær konur sem komnar eru í tíðahvörf þurfa að setja tvær misoprostol töflur (Cytotec) hátt í leggöng, áður en farið er að sofa kvöldið fyrir aðgerð. Lyfið mýkir leghálsinn sem gerir speglunina auðveldari. Töflurnar eru sóttar í afgreiðslu kvenlækningadeildar.

## Aðgerðardagur

- Fara þarf í sturtu áður en komið er á spítalann.
- Ráðlagt er að borða morgunmat fyrir speglunina.
- Taka má inn eigin lyf önnur en blóðþynnandi lyf.
- Ráðlagt er að taka inn verkjalyfin paracetamol 1 g (2 stykki) og ibuprofen 400 mg 30-60 mínútum fyrir komu á spítalann.

## Mæting er á kvenlækningalækningadeild 21A á 1. hæð kvennadeildarhúss Landspítala við Hringbraut.

Staðfesta þarf komu með innskráningu í móttökustand. Síðan er beðið á biðstofu þar til kemur að aðgerð.

Við komu er staðfest að verkjalyf hafi verið tekin fyrir komu og að þungunarpróf sé neikvætt. Hafa þarf þvaglát áður en speglunin er gerð.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að tími speglunar breytist. Spurt er um kennitölu og heilsufar áður en legspeglun hefst. Aðgerðin byrjar á sama hátt og hefðbundin kvenskoðun þar sem áhald (andaneftja) er sett í leggöng. Leghálssinn er svo deyfður og vikkaður lítillega. Grannt speglunartæki er síðan sett inn í legið í gegnum leggöng og legháls. Búast má við vægum eða miðlungs túrverk á meðan, aðallega við vikkun á leghálsi.

Speglunin sjálf tekur um 15-30 mínútur en reikna má með að heimsóknin í heild taki allt að einni klukkustund.

Í einstaka tilfellum er ekki hægt að framkvæma legspeglun vegna þrengingar í leghálsi. Fylgikvillar legspeglunar eru sjaldgæfir en þeir helstu eru:

- Rof á legi en það hefur sjaldan alvarlegar afleiðingar
- Sýking sem krefst sýklalyfjameðferðar
- Mikil blæðing

### **Eftir aðgerð**

Hægt er að fara heim strax að speglun lokinni. Óhætt er að keyra heim ef engin róandi lyf hafa verið tekin inn.

## Útskriftarfræðsla

### Verkir og verkjalyf

Eðlilegt er að finna fyrir vægum túrverkjum í 1-2 vikur eftir legspeglun. Mælt er með að taka paracetamol og ibuprofen til verkjastillingar fyrir þá sem þola það. Hámarksskammtur af paracetamol er 1 g (tvær töflur) fjórum sinnum á sólarhring og ibuprofen 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

### Blæðingar

Búast má við blæðingum frá leggöngum í 1-2 vikur. Blæðingin er yfirleitt væg.

### Sýkingarhætta

Næstu tvær vikurnar er eftirfarandi ráðlagt til að draga úr hættu á sýkingu:

- Fara í sturtu. Ekki má fara í sund, bað eða heita potta.
- Nota eingöngu bindi en ekki túrtappa eða álfabikar meðan blæðing varir.
- Forðast samfarir.

### Vinna

Oftast er hægt að mæta í vinnu og skóla daginn eftir aðgerð og því ætti ekki að vera þörf á vottorði til vinnuveitanda.

### Eftirlit

Ef sýni hefur verið tekið hringir læknir eða sendir skilaboð á Heilsuveru innan þriggja vikna frá rannsókn. Ekki er þörf á eftirskoðun nema það sé sérstaklega tekið fram.

**Hafa þarf samband við móttöku kvenlækningadeildar ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir legspeglun:**

- Blæðing er það mikil að stórt bindi (næturbindi eða sambærilegt) fyllist á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir
- Miklir verkir eru í kvið sem ráðlögð verkjalyf slá ekki á
- Hiti er hærri en 38°C

**Ef eitthvað kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við símavakt kvenlækningadeildar 21A.**

**Ef um brátt ástand er að ræða á að hafa samband við 112.**

## Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A, opin virka daga 08:00-16:00	543 3224
Skiptiborð Landspítala (síma vakt bráðáþjónustu kvennadeilda)	543 1000

Hafa má samband við kvenlækningadeild fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð. Eftir þann tíma er ráðlagt að hafa samband við heilsugæslu.

---

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

---

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU  
JANÚAR 2024  
LSH-1156

ÁBYRGÐARMENN:  
YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA  
OG DEILDARSTJÓRI  
KVENLÆKNINGAÐEILDAR

HÖNNUN: GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR  
LANDSPÍTALA